

LAGALEGUR FYRIRVARI 1. UPPLÝSINGAR UM FYRIRTÆKI

1.1 Þessi lagalegi fyrirvari er gefinn út af T. Rowe Price International Ltd („Fyrirtækið“) sem er löggilt og stýrt af fjármálaeftirliti Bretlands (UK Financial Conduct Authority).

1.2 Þessi lagalegi fyrirvari gildir um allt efni vefsvæðisins sem finna má undir lénsheitinu www.funds.troweprice.com („Vefsvæðið“) og um öll tölvupóstsamskipti milli okkar og þín. Lestu þessa skilmála vandlega áður en þú notar vefsvæðið, því með því að nota vefsvæðið gefur þú til kynna að þú hafir samþykkt skilmálana.

1.3 Fyrirtækinu er heimilt að endurskoða þessa lagalegu fyrirvara hvenær sem er með því að uppfæra þessa tilkynningu. Þú ættir að fara á vefsvæðið öðru hvoru til að skoða þá lagalegu fyrirvara sem gildandi eru hverju sinni, þar sem þeir eru bindandi fyrir þig. Hafðu í huga að sérstakir lagalegir fyrirvarar eða skilmálar á ákveðnum síðum á vefsvæðinu geta fellt úr gildi tilgreind ákvæði þessa lagalega fyrirvara.

2. INNIHALD VEFSVÆÐIS

2.1 Innihald þessa vefsvæðis („Upplýsingar“) veitir ekki ráð eða tilmæli um fjárfestingar. Ekkert á þessu vefsvæði skal líta á sem beiðni um fjárfestingu eða tilboð um að selja öryggisþjónustu (eða hvaða aðra vöru eða þjónustu sem er) til einstaklinga í lögsagnarumdæmum þar sem slík tilboð, beiðnir, kaup eða sölur eru ólögleg samkvæmt lögum í viðkomandi lögsagnarumdæmum. Ákveðnar lögboðnar eða aðrar utanaðkomandi reglugerðir, skilyrði og takmarkanir kunna öðru hvoru að gilda um upplýsingarnar og notkun þína á þeim. Öll notkun þín á upplýsingunum verður að vera í samræmi við slíkar reglugerðir, skilyrði eða takmarkanir sem gilda í því landi þar sem þú kýst að nota upplýsingarnar. Ekkert af upplýsingunum sem birtar eru eða gerðar eru aðgengilegar gegnum vefsvæðið eru ætlaðar til birtingar eða aðgengis í neinu því lögsagnarumdæmi þar sem slíkt væri brot á einhverjum gildandi lögum eða reglugerðum.

2.2 Þú færð aðgang að upplýsingunum í samræmi við skilmálana sem hér koma fram. Þú færð heimild til að nota þær í tengslum við lögmatan rekstur á þínum vegum („Heimilaður tilgangur“). Þú mátt ekki nota, vista, hlaða niður, endurgera, selja, dreifa eða vinna með upplýsingarnar á neinn annan hátt eða í neinum öðrum tilgangi en heimilaður er, án skriflegs leyfis fyrirtækisins.

2.3 Þér er einungis heimilt að prenta og hlaða niður efni af vefsvæðinu í þeim tilgangi sem heimilaður er, og á eftirfarandi grundvelli:

1. Þú breytir í engu skjölum eða tengdu myndefni;
2. Þú notar ekkert myndefni án þess að tilsvandi texti fylgi því;
3. Þú breytir ekki né fjarlægir vörumerki, höfundarrétt eða aðrar tilkynningar af neinum afritum, og 4. Þú birtir ekki neinn hluta efnisins né gerir það aðgengilegt í lögsagnarumdæmum þar sem slíkt brýtur gegn gildandi lögum eða reglugerðum.

3. HÖFUNDARRÉTTUR, VÖRUMERKI OG LEYFI

3.1 Efni vefsvæðisins er varið með gildandi höfundarréttarlögum. Sérhver notkun efnis af vefsvæðinu sem ekki er í samræmi við lið 2, í hvaða tilgangi sem er, er bönnuð.

3.2 T. ROWE PRICE, INVEST WITH CONFIDENCE og villisauðarmerkið er, bæði saman og sitt í hvoru lagi, vörumerki eða skráð vörumerki T. Rowe Price Group, Inc í Bandaríkjunum, Evrópusambandinu og öðrum löndum. Öll önnur vörumerki sem fram koma eru í eigu T. Rowe Price eða viðkomandi eigenda.

3.3. Ekki ætti að líta á neitt efni á þessu svæði sem svo að það veiti einhver leyfi eða réttindi undir einhverju vörumerki T. Rowe Price eða hvaða þriðja aðila sem er. Ennfremur mátt þú ekki reyna að nota, afrita, aðlaga eða reyna að skrá nein vörumerki sem svipar til vörumerkja eða kennimerkja sem birtast á vefsvæðinu eða í upplýsingunum sem hér koma fram.

3.4 Öll réttindi sem ekki eru sérstaklega veitt í þessum lagalega fyrirvara eru áskilin. Með fyrirvara um grein 2.2 má ekki afrita eða vista neinn hluta vefsvæðisins á neinu öðru vefsvæði eða innifela það í neinu opinberu eða rafrænu söfnunarkerfi eða þjónustu án þess að skriflegt samþykki fyrirtækisins liggja fyrir.

3.5 Ef þú brýtur gegn einhverjum skilmálum í þessum lagalega fyrirvara fellur heimild þín til að nota vefsvæðið sjálfkrafa úr gildi og þú verður umsvifalaust að eyða sérhverju efni sem hefur verið hlaðið niður af vefsvæðinu eða prentað út af því.

4. EFNI FRÁ GESTUM

4.1 Litið er svo á að ekkert efni sem þú sendir til vefsvæðisins eða birtir á því sé trúnaðarmál eða einkaleyfisvarið, að undanskildum persónugreinanlegum upplýsingum, sem falla undir persónuverndarstefnu okkar. Fyrirtækið ber engar skuldbindingar gagnvart slíku efni. Fyrirtækið og fulltrúar þess hafa fullt leyfi til að afrita, birta, dreifa, fella inn og nota með öðrum hætti slíkt efni sem og öll gögn, myndir, hljóð, texta og annað efni sem þar má finna, í hvaða tilgangi sem er, hvort sem hann er viðskiptalegs eðlis eða ekki.

4.2 Fyrirtækið kann að deila notkunarupplýsingum um gesti vefsvæðisins með viðurkenndum auglýsingafyrirtækjum þriðju aðila í því skyni að greina síðari tíma auglýsingavalkosti og til að uppfæra upplýsingar um heimsóknir sem notaðar eru í tölfræðilegum greiningum.

5. TENGLAR Á OG FRÁ ÖÐRUM VEFSVÆÐUM, EFNI ÞRIÐJU AÐILA

5.1 Vefsvæðið kann að innihalda efni frá þriðju aðilum eða tengla á vefsvæði í umsjón þriðju aðila („Efni þriðju aðila“). Efni þriðju aðila er varið með höfundarréttarlögum sem eiga við um slíkt efni þriðju aðila. Það er í eigu þeirrar efnisveitu (þeirra efnisveita) þriðju aðila sem tilgreind(ar) er(u).

5.2 Tenglar á vefsvæði þriðju aðila á vefsvæðinu eru einungis settir fram þér til hægðarauka. Ef þú smellir á slíka tengla yfirgefur þú vefsvæðið. Fyrirtækið hefur engin afskipti af undirbúningi, aðlögun eða breytingum á efni þriðju aðila. Fyrirtækið hefur ekki skoðað öll vefsvæði þessara þriðju aðila og það hvorki stjórnar né ber ábyrgð á þessum vefsvæðum, efni þeirra eða aðgengi. Af þessum sökum styður fyrirtækið hvorki (beint eða óbeint) þessi vefsvæði eða neitt það efni sem finna má þar, né heldur hefur í frammi neinn málflutning tengdan þeim eða niðurstöðum sem finna má við notkun þeirra. Sérhverjar skoðanir eða ráðleggingar sem settar eru fram á vefsvæðum þriðju aðila eru einungis á vegum efnisveitu (-veitna) viðkomandi þriðja aðila, en ekki fyrirtækisins. Ef þú ákveður að fara á eitthvert vefsvæði þriðja aðila er það alfarið á þína ábyrgð. Fyrirtækið ber enga ábyrgð á neinu því tapi eða skaða sem kann að verða ef þú treystir slíkum upplýsingum

5.3 Þú ættir að skoða persónuverndaryfirlýsingu og skilmála vefsvæða þriðja aðila áður en þú notar vefsvæðið eða gefur upp persónuupplýsingar eða aðrar trúnaðarupplýsingar. Notkun þín á þessum vefsvæðum fellur undir skilmála þeirra, sem þú ættir einnig að skoða áður en þú notar slík vefsvæði.

6. FYRIRVARI

6.1 Fyrirtækið leitast við að gera allt sem í valdi þess stendur til að veita réttar upplýsingar og á réttum tíma, í því skyni að mæta þörfum notenda. Fyrirtækið telur að upplýsingar séu réttar þegar þær eru birtar, og þegar dagsetning kemur fram á tiltekinni síðu er talið að upplýsingarnar á henni séu réttar á þeim tímapunkti. Þrátt fyrir það eru upplýsingar (þar á meðal sérhverjar upplýsingar sem aðgengilegar eru gegnum svæði sem þú getur tengst gegnum þetta vefsvæði) birtar „eins og þær eru“, og um þær gilda engin ákvæði, ábyrgð eða aðrir skilmálar af nokkru tagi. Fyrirtækið veitir þér aðgang að vefsvæðinu í samræmi við þetta án nokkurs konar fyrirvars, ábyrgða, skilyrða eða annarra beinna eða óbeinna skilmála, að því marki sem lög leyfa.

6.2 Gögn um markaði, verð eða afkomu sem finna má á þessu vefsvæði eru eingöngu til upplýsingar. Virði fjárfestinga þinna og tekjur af þeim getur bæði hækkað og lækkað, og virði höfuðstóls þíns gæti lækkað. Afkoma síðustu ára er ekki vísbending um framtíðarafkomu og virði verðbréfa og öll ávöxtun sem þau skila kann að minnka jafnt sem hækka. Gengisbreytingar kunna einnig að hafa neikvæð áhrif á virði, verð eða ávöxtun verðbréfa. Fjárfestar skulu vera meðvitaðir um viðbótarhættur sem tengjast fjárfestingum á nýmörkuðum, verðbréfum með mikilli ávöxtun og minni fyrirtækjum.

6.3 Fyrirtækið kann hvenær sem er að gera breytingar á efni vefsvæðisins án fyrirvara. Efni vefsvæðisins kann að vera úrelt og fyrirtækið skuldbindur sig ekki til að uppfæra slíkt efni.

7. BÓTAÁBYRGÐ Fyrirtækið, sérhver annar aðili (hvort sem hann er aðili að því að búa til, framleiða, viðhalda eða dreifa vefsvæðinu), og sérhvert fyrirtæki innan fyrirtækjasamstæðunnar, forstjórar þeirra, framkvæmdastjórar, starfsmenn, hluthafar eða fulltrúar þeirra, afsala sér allri bótaábyrgð og ábyrgð á sérhverju tjóni eða skaða sem þú eða þriðji aðili kannt að verða fyrir (þar á meðal, en takmarkast ekki við, sérhver beint, óbeint, refsivert eða afleitt tjón, eða tekjutap, tap á gróða, viðskiptavild, gögnum, samningum, ráðstöfun fjármuna, eða taps eða tjóns af völdum truflunar á viðskiptum eða tengt slíkri truflun með einhverjum hætti, og hvort sem það er vegna skaðabótaskyldu (þar með talið, en takmarkast ekki við, vegna gáleysis), samningsskilmála eða annars) í tengslum við vefsvæðið eða notkun þess, vegna þess að ekki er hægt að nota vefsvæðið, sérhvert vefsvæði sem tengist vefsvæðinu eða efni á slíku vefsvæði, eða afleiðingar þess að vefsvæðið, sérhvert vefsvæði sem tengist vefsvæðinu eða efni á slíku vefsvæði er notað, meðal annars tjón eða skemmdir af völdum vírusa sem geta sýkt tölvubúnað þinn, hugbúnað, gögn eða einhverjar aðrar eignir vegna aðgengis þíns, notkunar eða vafurs á vefsvæðinu eða af völdum þess að þú hleður niður efni af vefsvæðinu eða af sérhverju vefsvæði sem tengist vefsvæðinu.

8. GILDANDI LÖG OG LÖGSAGA Þessi lagalegi fyrirvari lýtur lögum í Englandi og Wales, og skal túlka hann í samræmi við það. Ágreiningur sem kann að rísa í tengslum við þennan lagalega fyrirvara fellur eingöngu undir lögsögu enskra dómstóla.